

Gunnar Einarsson, bæjarstóri Garðabæjar
Garðatorgi 7, 210 Garðabæ

Efni: Ytra mat á grunnskólum

Kópavogi 21.11.2017

Ágæti bæjarstjóri.

Menntamálastofnun sér um framkvæmd ytra mats á grunnskólum fyrir hönd menntamálaráðuneytis og sveitarfélaga. Flataskóli hefur verið valinn til ytra mats á vorönn 2018. Markmið með ytra matinu eru meðal annars að vera skólum hvati til frekari skólaþróunar, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla. Ekki er gerður samanburður á skólum heldur notaðar samræmdar matsaðferðir þannig að í öllum skólum verði skólastarfið metið með sambærilegri nálgun og á grundvelli sömu viðmiða.

Þungamiðja matisns eru stjórnun, nám og kennsla og innra mat skólans. Skóli, skólaráð eða sveitarstjórn geta komið fram með óskir um að matsteymi skoði sérstaklega einhvern fjórða þátt í starfi viðkomandi skóla svo fremi sem hægt er að meta viðkomandi þátt með þeim gagnaöflunaraðferðum sem notaðar eru í matinu.

Tveggja manna matsteymi metur starfsemi skólans. Lögð er áhersla á að matsaðilar hafi kennaramenntun og reynslu af grunnskólastarfi, þekkingu á matsfræðum og reynslu af eigindlegum rannsóknaraðferðum. Gæta þarf að sérstöku hæfi matsaðila til að meta viðkomandi skóla sbr. II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Menntamálastofnun tilnefnir annan matsaðila og gefur sveitarfélaginu kost á að tilnefna hinn aðilann að höfðu samráði við undirritaða hjá Menntamálastofnun. Kjósi sveitarfélag að tilnefna matsaðila þarf það að tilkynnst fyrir 21. desember n.k. til thora.bjork.jonsdottir@mms.is. Að öðrum kosti leitar Menntamálastofnun til reyndra aðila sem starfað hafa fyrir stofnunina.

Síðustu árin hefur framkvæmd ytra mats verið í þróun með það í huga að koma á ferli ytra mats sem nýtist sveitarfélögum og öllum skólum. Meðan á þróun stóð var matið fjármagnað með framlögum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Vakin er athygli á að þátttaka jöfnunarsjóðs í fjármögnun sem snýr að sveitarfélaginu getur breyst þannig að sveitarfélag greiði sjálft sinn hluta frá og með árinu 2018. Gera má ráð fyrir að sú upphæð sé um ein milljón króna fyrir hvern grunnskóla.

Upplýsingar um matið og viðmið um gæði skólastarfs sem matsmenn styðjast við er hægt að nálgast hér: <https://mms.is/grunnskolar-1>

Matsaðilar munu hafa samband við skólastjóra vegna gagnaöflunar, fyrirkomulags og framkvæmdar verksins. Ef frekari upplýsinga er óskað er unnt að beina fyrirspurnum til Þóru Bjarkar Jónsdóttur hjá Menntamálastofnun í póstfangið thora.bjork.jonsdottir@mms.is eða í síma 514 7500.

Menntamálastofnun væntir góðs samstarfs við sveitarfélagið og skólann um matið.

Virðingarfyllt,

Þóra Björk Jónsdóttir,
Sérfræðingur, matsdeild.

Afrit
Ólöf S. Sigurðardóttir, skólastjóri
Margrét Björk Svavarsdóttir, formaður fræðslunefndar